

Nd.

40. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþyktir utan kaupstaðanna.

Flutningsm.: Einar Þorgilsson.

Úr 1. málsgrein laga nr. 18, 20. okt. 1905, falli niður orðin:
»enda búi sýslumaður þar«.

Ástæður.

Í lögum nr. 18, 20. okt. 1905, er svo ákveðið, að verslunarstaðir utan kaupstaða geti gert lögreglusamþyktir með því móti að sýslumaður búi í verslunarstaðnum. Nú eru sumir verslunarstaðir á landinu svo settir, og það jafnvel þeir verslunarstaðir, sem hafa marga ibúa, svo sem t. d. Keflavíkurverslunarstaður í Gullbringusýslu, að þeir hafa ekki sýslumennina búsetta hjá sjer, en er þó bráðnauðsynlegt að geta gert lögreglusamþykt hjá sjer, sökum mannfjölda og þar af leiðandi nauðsynja á því, að geta haldið uppi góðri reglu. Sumstaðar er svo ástatt, að jafnvel þótt miklir örðugleikar væru á því að ná til sýslumanns til löggæslu árið 1905, þá hefir sú breyting orðið á síðan, að bifreiðafærir vegir hafa verið lagðir frá og til, sem gera sýslum. mögulegt að koma á skömmum tíma. Þannig er t. d. ástatt í verslunarstaðnum Keflavík, er hjer um ræðir, enda er hreppstjóri þar og búsettur.

Þótt þessi lagabreyting verði samþykt, þá hafa sýslumenn og stjórnarráðið öll ráðin í hendi sjer um það, hvort lögreglusamþykt fyrir einhvern verslunarstað nær staðfestingu eða ekki. Það ætti því að vera alveg hættulaust að leyfa þessu frumvarpi fram að ganga, sem er fram komið fyrir einróma ósk Keflavíkurkaupstaðarbúa.